

	I EES-STOFNANIR	
	1. Sameiginlega EES-nefndin	
	II EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
2011/EES/56/01	Undirnefnd I um frjálsa vöruflutninga – Lyf – Skrá um markaðsleyfi sem gefin voru út í EFTA-ríkjunum, sem eiga aðild að EES, á seinna helmingi ársins 2010	1
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
2011/EES/56/02	Tilmæli eftirlitsstofnunar EFTA frá 2. desember 2009 um tilkynningar, fresti og samráð sem kveðið er á um í 7. gr. gerðarinnar sem vísað er til í lið 5cl í XI. viðauka við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði (tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu), sbr. aðlögunarákvæði í bókun 1 við samninginn	10
	3. EFTA-dómstóllinn	
	III EB-STOFNANIR	
	1. Framkvæmdastjórnin	
2011/EES/56/03	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6387 – Buchen IndustrieService/ThyssenKrupp Xervon) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	21
2011/EES/56/04	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6388 – Ecolab/Nalco Holding Company)	22
2011/EES/56/05	Opin auglýsing eftir tillögum – GP/RPA/ReferNet-FPA/002/11 – ReferNet – Evrópskt net Cedefop á sviði starfsmenntunar og starfsþjálfunar	23
2011/EES/56/06	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur.	24

EFTA-STOFNANIR

FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA

UNDIRNEFND I UM FRJÁLSA VÖRUFLUTNINGA

2011/EES/56/01

LYF

Skrá um markaðsleyfi sem gefin voru út í EFTA-ríkjunum, sem eiga aðild að EES, á seinna helmingi ársins 2010

Til staðfestingar í sameiginlegu EES-nefndinni

Með vísan til ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. No.74/1999 frá 28. maí 1999 er því beint til nefndarinnar að hún staðfesti, á fundi sínum hinn 1. apríl 2011, eftirfarandi skrár um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem gefin voru út frá 1. júlí til 31. desember 2010:

- I. viðauki* Skrá um ný markaðsleyfi
- II. viðauki* Skrá um endurnýjuð markaðsleyfi
- III. viðauki* Skrá um framlengd markaðsleyfi
- IV. viðauki* Skrá um afturkölluð markaðsleyfi
- V. viðauki* Skrá um markaðsleyfi sem felld hafa verið niður tímabundið

I. VIÐAUKI

Skrá um ný markaðsleyfi

Eftirtalin markaðsleyfi voru gefin út í EFTA-ríkjunum, sem eiga aðild að EES, frá 1. júlí til 31. desember 2010:

ESB-númer	Vara	Land	Útgáfudagur leyfis
EU/1/09/605/001/NO-012/NO	Temomedac	Noregur	8.7.2010
EU/1/10/626/001-004	Ribavirin BioPartners	Liechtenstein	31.8.2010
EU/1/10/629/001/NO	Humenza	Noregur	17.8.2010
EU/1/10/631/001/NO-009/NO	Nivestim	Noregur	15.9.2010
EU/1/10/631/001-009/IS	Nivestim	Ísland	27.8.2010
EU/1/10/632/001/NO-021/NO	Tolura	Noregur	26.8.2010
EU/1/10/632/001-021/IS	Tolura	Ísland	2.7.2010
EU/1/10/633/001-002/IS	Topotecan Hospira	Ísland	1.9.2010
EU/1/10/634/001/NO-004/NO	Ribavirin Three Rivers	Noregur	19.8.2010
EU/1/10/636/001/NO-003/NO	Daxas	Noregur	12.8.2010
EU/1/10/636/001-003	Daxas	Liechtenstein	31.8.2010
EU/1/10/636/001-003/IS	Daxas	Ísland	3.8.2010
EU/1/10/637/001/NO-009/NO	Leflunomide medac	Noregur	25.8.2010
EU/1/10/637/001-009	Leflunomide medac	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/10/637/001-009/IS	Leflunomide medac	Ísland	26.8.2010
EU/1/10/638/001	Ozurdex	Liechtenstein	31.8.2010
EU/1/10/638/001/IS	Ozurdex	Ísland	26.8.2010
EU/1/10/638/001/NO	Ozurdex	Noregur	8.10.2010
EU/1/10/639/001-030	Telmisartan Actavis	Liechtenstein	31.12.2010
EU/1/10/639/001-030/IS	Telmisartan Actavis	Ísland	15.12.2010
EU/1/10/640/001/NO-006/NO	Sycrest	Noregur	15.11.2010
EU/1/10/640/001-006	Sycrest	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/10/640/001-006/IS	Sycrest	Ísland	23.9.2010
EU/1/10/641/001/NO	Ruconest	Noregur	2.12.2010
EU/1/10/642/001-004	Ibandronic acid	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/10/643/001	Rapiscan	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/10/643/001/IS	Rapiscan	Ísland	26.10.2010
EU/1/10/643/001/NO	Rapiscan	Noregur	27.9.2010
EU/1/10/644/001/NO-004/NO	PecFent	Noregur	15.9.2010
EU/1/10/644/001-004	PecFent	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/10/644/001-004/IS	PecFent	Ísland	29.9.2010
EU/1/10/645/001/NO-002/NO	Brinavess	Noregur	28.9.2010
EU/1/10/645/001-002	Brinavess	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/10/645/001-002/IS	Brinavess	Ísland	23.9.2010
EU/1/10/646/001/NO-002/NO	VPRIV	Noregur	2.11.2010
EU/1/10/646/001-002	VPRIV	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/10/646/001-002/IS	VPRIV	Ísland	17.9.2010

ESB-númer	Vara	Land	Útgáfudagur leyfis
EU/1/10/647/001/NO-002/NO	Myclausen	Noregur	17.11.2010
EU/1/10/647/001-002	Myclausen	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/10/648/001/NO-028/NO	Twynsta	Noregur	29.11.2010
EU/1/10/648/001-028	Twynsta	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/10/650/001/NO-015/NO	Clopidogrel Teva Generics B.V.	Noregur	26.11.2010
EU/1/10/650/001-015	Clopidogrel Teva Generics B.V.	Liechtenstein	31.12.2010
EU/1/10/651/001/NO-015/NO	Clopidogrel HCS	Noregur	26.11.2010
EU/1/10/651/001-015	Clopidogrel HCS	Liechtenstein	31.12.2010
EU/1/10/654/001-004	Leflumomide Ratiopharm	Liechtenstein	31.12.2010
EU/1/10/655/001/NO-006/NO	Brilique	Noregur	16.12.2010
EU/1/10/655/001-006	Brilique	Liechtenstein	31.12.2010
EU/1/10/655/001-006/IS	Brilique	Ísland	10.12.2010
EU/1/10/656/001-006	Possia	Liechtenstein	31.12.2010
EU/1/10/657/001-002	Präpandemischer Influenzaimpfstoff (H5N1)	Liechtenstein	31.12.2010
EU/1/10/658/001-002	Aflunov	Liechtenstein	31.12.2010
EU/2/10/106/001/NO-014/NO	Bovilis BTV8	Noregur	5.10.2010
EU/2/10/106/001-014	Bovilis BTV8	Liechtenstein	31.10.2010
EU/2/10/106/001-014/IS	Bovilis BTV8	Ísland	20.10.2010
EU/2/10/108/001/NO-005/NO	BTVPUR Alsap 2-4	Noregur	22.11.2010
EU/2/10/108/001-005	BTVPUR Alsap 2-4	Liechtenstein	31.12.2010
EU/2/10/109/001-009	Rhiniseng	Liechtenstein	31.10.2010
EU/2/10/109/001-009/IS	Rhiniseng	Ísland	10.12.2010
EU/2/10/110/001-002	Coxevac	Liechtenstein	31.10.2010
EU/2/10/111/001-004	Meloxoral	Liechtenstein	31.12.2010

II. VIÐAUKI

Skrá um endurnýjuð markaðsleyfi

Eftirtalin markaðsleyfi voru endurnýjuð í EFTA-ríkjunum, sem eiga aðild að EES, frá 1. júlí til 31. desember 2010:

ESB-númer	Vara	Land	Útgáfudagur leyfis
EU/1/00/135/001/NO-002/NO	DaTSCAN	Noregur	6.9.2010
EU/1/00/135/001-002	DaTSCAN	Liechtenstein	31.8.2010
EU/1/00/141/001/NO	Myocet	Noregur	3.8.2010
EU/1/00/141/001	Myocet	Liechtenstein	31.8.2010
EU/1/00/141/001/IS	Myocet	Ísland	30.8.2010
EU/1/00/142/004/NO-005/NO, 009/NO-022/NO	Novomix	Noregur	4.8.2010
EU/1/00/142/004-005, 009-022	NovoMix	Liechtenstein	31.8.2010
EU/1/00/142/004-005, 009-022/IS	NovoMix	Ísland	31.8.2010
EU/1/00/143/001/NO-011/NO	Kogenate Bayer	Noregur	26.8.2010
EU/1/00/143/001-011	Kogenate Bayer	Liechtenstein	31.8.2010
EU/1/00/143/004-011/IS	Kogenate Bayer	Ísland	8.9.2010
EU/1/00/144/001/NO-004/NO	Helixate NexGen	Noregur	25.8.2010
EU/1/00/144/001-004	Helixate NexGen	Liechtenstein	31.8.2010
EU/1/00/144/001-004/IS	Helixate NexGen	Ísland	29.9.2010
EU/1/00/145/001	Herceptin	Liechtenstein	31.8.2010
EU/1/00/145/001/IS	Herceptin	Ísland	6.9.2010
EU/1/00/145/001/NO	Herceptin	Noregur	24.8.2010
EU/1/00/146/001/NO-032/NO	Keppra	Noregur	1.11.2010
EU/1/00/146/001-032	Keppra	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/00/146/001-032/IS	Keppra	Ísland	2.9.2010
EU/1/00/149/001	Panretin	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/00/149/001/NO	Panretin	Noregur	22.10.2010
EU/1/00/150/001/NO-024/NO	Actos	Noregur	19.10.2010
EU/1/00/150/001-030	Actos	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/00/150/001-030/IS	Actos	Ísland	22.9.2010
EU/1/00/151/001/NO-024/NO	Glustin	Noregur	19.10.2010
EU/1/00/151/001-024	Glustin	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/00/151/001-024/IS	Glustin	Ísland	23.9.2010
EU/1/00/152/001/NO-020/NO	Infanrix Hexa	Noregur	6.12.2010
EU/1/00/152/001-020	Infanrix hexa	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/00/152/001-020/IS	Infanrix Hexa	Ísland	22.9.2010
EU/1/00/153/001/NO-010/NO	Infanrix Penta	Noregur	3.12.2010
EU/1/00/153/001-010	Infanrix penta	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/00/153/001-010/IS	Infanrix Penta	Ísland	22.9.2010
EU/1/00/156/002/NO-004/NO	Trizivir	Noregur	13.12.2010
EU/1/00/156/002-004	Trizivir	Liechtenstein	31.12.2010
EU/1/00/166/001-003	NeuroBloc	Liechtenstein	31.12.2010

ESB-númer	Vara	Land	Útgáfudagur leyfis
EU/1/05/310/001/NO-009/NO	Fosavance	Noregur	13.9.2010
EU/1/05/310/001-009	Fosavance	Liechtenstein	31.8.2010
EU/1/05/310/001-009/IS	Fosavance	Ísland	13.9.2010
EU/1/05/311/001/NO-003/NO	Tarceva	Noregur	24.8.2010
EU/1/05/311/001-003	Tarceva	Liechtenstein	31.8.2010
EU/1/05/311/001-003/IS	Tarceva	Ísland	19.8.2010
EU/1/05/312/001	Xyrem	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/05/312/001/NO	Xyrem	Noregur	16.11.2010
EU/1/05/313/001/NO-009/NO	Vasovist	Noregur	22.12.2010
EU/1/05/313/001-009	Vasovist	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/05/314/001	Kepivance	Liechtenstein	31.12.2010
EU/1/05/315/001/NO-002/NO	Aptivus	Noregur	13.12.2010
EU/1/05/315/001-002	Aptivus	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/05/316/001/NO-014/NO	Procotalan	Noregur	28.9.2010
EU/1/05/316/001-014	Procotalan	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/05/316/001-014/IS	Procotalan	Ísland	21.9.2010
EU/1/05/317/001/NO-014/NO	Corlantor	Noregur	28.9.2010
EU/1/05/317/001-014	Corlantor	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/05/317/001-014/IS	Corlantor	Ísland	21.9.2010
EU/1/05/318/001/NO-002/NO	Revatio	Noregur	6.10.2010
EU/1/05/318/001-002	Revatio	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/05/318/001-002/IS	Revatio	Ísland	20.12.2010
EU/1/05/319/001/NO-010/NO	Xolair	Noregur	19.10.2010
EU/1/05/319/001-010	Xolair	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/05/319/001-010/IS	Xolair	Ísland	15.12.2010
EU/1/05/320/001/NO	Noxafil	Noregur	13.12.2010
EU/1/05/328/001-004	Cubicin	Liechtenstein	31.12.2010
EU/1/05/331/001-055	Neupro	Liechtenstein	31.12.2010
EU/1/06/338/001/NO-003/NO	DuroTrav	Noregur	18.11.2010
EU/1/06/338/001-003	Duo Trav	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/07/423/001-003	Vectibix	Liechtenstein	31.12.2010
EU/1/07/440/001-002	Tyverb	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/08/468/001	Intelence	Liechtenstein	31.8.2010
EU/1/08/468/001/IS	Intelence	Ísland	30.8.2010
EU/1/08/468/001/NO	Intelence	Noregur	19.8.2010
EU/1/09/543/001	Cayston	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/09/543/001/NO	Cayston	Noregur	28.9.2010
EU/1/09/543/001-002/IS	Cayston	Ísland	16.9.2010
EU/1/95/001/001, 003-005, 009, 012, 021-022, 025-028, 031-035/IS	Gonal-f	Ísland	26.8.2010

ESB-númer	Vara	Land	Útgáfudagur leyfis
EU/1/95/001/005, 021, 025-027, 031-033, 035	Gonal f	Liechtenstein	31.8.2010
EU/1/95/001/005/NO; EU/1/95/001/025/NO-027/NO; EU/1/95/001/031/NO-035/NO	Gonal-f	Noregur	9.9.2010
EU/2/00/018/001	Incurin	Liechtenstein	31.8.2010
EU/2/05/053/001-003/IS	Naxcel	Ísland	15.12.2010
EU/2/05/054/001/NO-031/NO	Profender	Noregur	4.10.2010
EU/2/05/054/001-031	Profender	Liechtenstein	31.8.2010
EU/2/05/054/001-031/IS	Profender	Ísland	1.9.2010
EU/2/05/055/001/NO-002/NO	Equilis Te	Noregur	3.9.2010
EU/2/05/055/001-002/IS	Equilis Te	Ísland	6.9.2010
EU/2/05/056/001/NO-004/NO	Equilis Prequenza	Noregur	6.9.2010
EU/2/05/056/001-004/IS	Equilis Prequenza	Ísland	6.9.2010
EU/2/05/057/001/NO-004/NO	Equilis Prequenza Te	Noregur	6.9.2010
EU/2/05/057/001-004	Equilis Prequenza Te	Liechtenstein	31.8.2010
EU/2/05/057/001-004/IS	Equilis Prequenza Te	Ísland	6.9.2010
EU/2/055/001-002	Equilis Te	Liechtenstein	31.8.2010

III. VIÐAUKI

Skrá um framlengd markaðsleyfi

Eftirtalin markaðsleyfi voru framlengd í EFTA-rikinum, sem eiga aðild að EES, frá **1. júlí til 31. desember 2010**:

ESB-númer	Vara	Land	Útgáfudagur leyfis
EU/1/00/143/012/NO-013/NO	Kogenate Bayer	Noregur	26.8.2010
EU/1/00/143/012-013	Kogenate Bayer	Liechtenstein	31.8.2010
EU/1/00/143/012-013/IS	Kogenate Bayer	Ísland	8.9.2010
EU/1/00/144/005	Helixate NexGen	Liechtenstein	31.8.2010
EU/1/00/144/005/IS	Helixate NexGen	Ísland	29.9.2010
EU/1/00/152/019-020/IS	Infanrix Hexa	Ísland	7.7.2010
EU/1/00/152/019/NO-020/NO	Infanrix Hexa	Noregur	6.12.2010
EU/1/01/171/013/NO-014/NO	Rapamune	Noregur	18.8.2010
EU/1/01/171/013-014/IS	Rapamune	Ísland	6.7.2010
EU/1/01/171013-014	Rapamune	Liechtenstein	31.8.2010
EU/1/01/172/008	Kaletra	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/02/218/030	Axura	Liechtenstein	31.12.2010
EU/1/02/237/009	Cialis	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/03/248/013/NO-015/NO	Levitra	Noregur	24.9.2010
EU/1/03/248/013-015/IS	Levitra	Ísland	24.9.2010
EU/1/03/269/002	Faslodex	Liechtenstein	31.12.2010
EU/1/04/179/044/NO	Lyrica	Noregur	2.9.2010
EU/1/04/279/044/IS	LYRICA	Ísland	19.8.2010
EU/1/04/307/014/NO-021/NO	Zonegran	Noregur	26.8.2010
EU/1/04/307/014-021	Zonegran	Liechtenstein	31.8.2010
EU/1/04/307/014-021/IS	Zonegran	Ísland	27.7.2010
EU/1/05/328/003-004	Cubicin	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/06/363/012/NO-015/NO	Sprycel	Noregur	26.10.2010
EU/1/06/363/012-015	Sprycel	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/06/363/012-015/IS	Sprycel	Ísland	22.11.2010
EU/1/07/401/012-015	Alli	Liechtenstein	31.12.2010
EU/1/07/420/002	Cyanokit	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/07/437/003/NO-004/NO	Ivemend	Noregur	28.9.2010
EU/1/07/437/003-004	Ivemend	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/07/437/003-004/IS	IVEMEND	Ísland	23.9.2010
EU/1/070/401/011	alli	Liechtenstein	31.8.2010
EU/1/08/447/005-012	Adenuric	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/08/454/006-007	Extavia	Liechtenstein	31.8.2010
EU/1/08/463/004/NO-011/NO	Relistor	Noregur	26.10.2010
EU/1/08/463/004-0011/IS	Relistor	Ísland	16.9.2010
EU/1/08/472/009-010	Xarelto	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/08/495/009-016	Zarzio	Liechtenstein	31.12.2010

ESB-númer	Vara	Land	Útgáfudagur leyfis
EU/1/08/496/009-016	Filgrastim Hexal	Liechtenstein	31.12.2010
EU/1/08/504/003	Firmagon	Liechtenstein	31.12.2010
EU/1/09/535/015-016	Grepid	Liechtenstein	31.8.2010
EU/1/09/543/002	Cayston	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/09/580/019-021	Enyglid	Liechtenstein	31.12.2010
EU/1/10/619/015	DuoPlavin	Liechtenstein	31.8.2010
EU/1/10/623/015	DuoCover	Liechtenstein	31.8.2010
EU/1/96/006/007	NovoSeven	Liechtenstein	31.12.2010
EU/1/96/016/007	Norvir	Liechtenstein	31.12.2010
EU/1/97/050/028/NO-033/NO	Sifrol	Noregur	10.8.2010
EU/1/97/050/028-033/IS	Sifrol	Ísland	18.8.2010
EU/1/97/051/028/NO-033/NO	Mirapexin	Noregur	30.8.2010
EU/1/97/051/028-033/IS	Mirapexin	Ísland	18.8.2010
EU/1/99/108/004/NO-006/NO	Ferriprox	Noregur	10.9.2010
EU/1/99/108/004-006	Ferriprox	Liechtenstein	31.8.2010
EU/1/99/108/004-006/IS	Ferriprox	Ísland	2.9.2010
EU/2/97/004/039-040	Metacam	Liechtenstein	31.8.2010
EU/2/00/026/005-006	Porcilis AR	Liechtenstein	31.10.2010
EU/2/06/070/005-008/IS	Meloxidyl	Ísland	15.9.2010
EU/2/06/070/008	Meloxidyl	Liechtenstein	31.10.2010
EU/2/06/070/008/NO	Meloxidyl	Noregur	5.10.2010
EU/2/07/072/003/NO-004/NO	Suprelorin	Noregur	5.10.2010
EU/2/07/072/003-004	Suprelorin	Liechtenstein	31.8.2010
EU/2/07/072/003-004/IS	Suprelorin	Ísland	24.8.2010
EU/2/08/083/004-005	Equioxx	Liechtenstein	31.10.2010
EU/2/09/095/004-006	Improvac	Liechtenstein	31.10.2010
EU/2/97/004/039/NO-040/NO	Metacam	Noregur	8.9.2010
EU/2/97/004/039-042/IS	Metacam	Ísland	6.7.2010
EU/2/97/004/041/NO-042/NO	Metacam	Noregur	8.9.2010

IV. VIÐAUKI

Skrá um afturkölluð markaðsleyfi

Eftirtalin markaðsleyfi voru afturkölluð í EFTA-ríkjunum, sem eiga aðild að EES, frá **1. júlí til 31. desember 2010**:

ESB-númer	Vara	Land	Afturköllunardagur
EU/1/00/148/001/NO-004/NO	Agenerase	Noregur	14.9.2010
EU/1/00/154/001/NO-002/NO	NeoSpect	Noregur	8.12.2010
EU/1/00/154/001-002	NeoSpect	Liechtenstein	31.12.2010
EU/1/02/239/001-030/IS	Bextra	Ísland	31.8.2010
EU/1/02/244/001-020/IS	Valdyn	Ísland	31.8.2010
EU/1/07/406/001 - 020	Enviage	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/10/613/001- 002	ImmunoGam	Liechtenstein	31.10.2010
EU/1/10/613/001/NO- 002/NO	ImmunoGam	Noregur	1.11.2010
EU/1/10/613/001-002/IS	ImmunoGam	Ísland	30.9.2010
EU/1/10/624/001	Arepanrix	Liechtenstein	31.12.2010
EU/2//00/024/001	Pruban	Liechtenstein	31.8.2010
EU/2//07/073/001-004	Nobilis Influenza H7N1	Liechtenstein	31.8.2010
EU/2/00/024/001/IS	Pruban 0.1%	Ísland	16.11.2010
EU/2/06/067/001-002	Medicinal Oxygen Air Liquide Santé	Liechtenstein	31.8.2010
EU/2/06/067/001-002/IS	Medicinal oxygen	Ísland	1.9.2010
EU/2/07/073/001-004/IS	Nobilis Influenza H7N1	Ísland	1.9.2010
EU/2/07/076/001-004	Nobilis Influenza H5N6	Liechtenstein	31.8.2010
EU/2/07/076/001-004/IS	Nobilis Influenza H5N6	Ísland	1.9.2010

V. VIÐAUKI

Skrá um markaðsleyfi sem felld hafa verið niður tímabundið

Eftirtalin markaðsleyfi voru felld niður tímabundið í EFTA-ríkjunum, sem eiga aðild að EES, frá **1. júlí til 31. desember 2010**:

ESB-númer	Vara	Land	Niðurfellingardagur
EU/1/00/137/002/NO-018/NO	Avandia*	Noregur	3.12.2010
EU/1/00/137/002-018	Avandia	Liechtenstein	31.12.2010
EU/1/03/258/001/NO-022/NO	Avandamet*	Noregur	3.12.2010
EU/1/03/258/001-022	Avandamet	Liechtenstein	31.12.2010
EU/1/06/349/001/NO-010/NO	Avaglim*	Noregur	3.12.2010
EU/1/06/349/001-010	Avaglim	Liechtenstein	31.12.2010
EU/2/06/058//001-003	Flexicam	Liechtenstein	31.10.2010

* Felld niður tímabundið í Noregi án tilkynningar

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

TILMÆLI EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2011/EES/56/02

frá 2. desember 2009

um tilkynningar, fresti og samráð sem kveðið er á um í 7. gr. gerðarinnar sem vísað er til í lið 5cl í XI. viðauka við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði (*tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu*), sbr. aðlögunarákvæði í bókun 1 við samninginn

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN ⁽¹⁾,

með vísan til samningsins um Evrópskt efnahagssvæði ⁽²⁾,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum stafl. b) í 2. mgr. 5. gr.,

með vísan til gerðarinnar sem vísað er til í lið 5cl í XI. viðauka við EES-samninginn,

tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu ⁽³⁾ (*rammatilskipunarinnar*),

sbr. aðlögunarákvæði í bókun 1 við samninginn, einkum ákvæða 1. mgr. 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu ber eftirlitsyfirvöldum í viðkomandi EFTA-ríkjum að efla þróun innra markaðarins með því að vinna saman og með Eftirlitsstofnun EFTA á gagnsæjan hátt til þess að stuðla að því að samræmi sé í stjórnvaldsframkvæmd og að tilskipuninum, sem mynda reglurammann, sé hvarvetna beitt á sama hátt.
- 2) Til þess að ákvarðanir landsyfirvalda hafi ekki óeskileg áhrif á innra markaðinn eða markmiðin að baki reglurammanum verða eftirlitsyfirvöld í hverju ríki að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA og eftirlitsyfirvöldum í öðrum ríkjum fyrirhugaðar ráðstafanir af því tagi sem getið er um í 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipuninni).
- 3) Við þetta bætist sú krafa að eftirlitsyfirvöld í hverju ríki verða að afla heimildar stofnunarinnar fyrir því að leggja á skyldur sem falla undir ákvæði annarrar undirgreinar 3. mgr. 8. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 5cj í XI. viðauka við EES-samninginn,

tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/19/EB frá 7. mars 2002 um aðgang að rafrænum fjarskiptanetum og samtengingu þeirra og tilheyrandi aðstöðu ⁽⁴⁾ (tilskipunarinnar um aðgang),

sbr. aðlögunarákvæði í bókun 1 við samninginn, en sækja verður um slíka heimild með sérstöku erindi.

- 4) Sé þess óskað mun Eftirlitsstofnun EFTA gefa hluteigandi eftirlitsyfirvöldum kost á að ræða fyrirhugaðar ráðstafanir áður en þær eru tilkynntar formlega í samræmi við 7. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunarinnar) og 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 2002/19/EB (tilskipunarinnar um aðgang). Hafi Eftirlitsstofnun EFTA tilkynnt eftirlitsyfirvöldum í EFTA-ríki, í samræmi við 4. mgr. 7. gr. til

⁽¹⁾ [Á ekki við í íslenska textanum.]

⁽²⁾ „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 108, 24.4.2002, bls. 33. Tilskipuninni hefur verið breytt með reglugerð (EB) nr. 717/2007, Stjtið. EB L 171, 29.6.2007, bls. 32.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 108, 24.4.2002, bls. 7.

- skipunar 2002/21/EB (rammatilskipunarinnar), að hún telji að fyrirhuguð ráðstöfun myndi hamla framkvæmd EES-samningsins eða verulegur vafi leiki á að hún samrýmist EES-löggjöf ber við fyrsta tilefni að gefa viðkomandi eftirlitsyfirvöldum færi á að segja álit sitt á þeim atriðum sem stofnunin telur athugaverð.
- 5) Í tilskipun 2002/21/EB (rammatilskipuninni) er mælt fyrir um ófrávikjanlega fresti sem virða ber við umfjöllun um tilkynningar samkvæmt 7. gr.
 - 6) Til þess að tryggja árangur af samvinnu og samráði af því tagi sem mælt er fyrir um í 7. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunarinnar), sem og til þess að forðast réttaróvissu, voru settar skýrar reglur um helstu málsmeðferðaratriði í tengslum við tilkynningar samkvæmt 7. gr., og koma þær fram í tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA frá 14. júlí 2004 um tilkynningar, fresti og samráð sem kveðið er á um í 7. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu⁽⁵⁾. Rétt þykir að láta tilmælin, sem hér birtast, koma í stað tilmællanna frá 14. júlí 2004 í því skyni að einfalda og bæta afgreiðsluferil tilkynninga enn frekar og tryggja að ákvæðum regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu verði beitt á sama hátt hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu.
 - 7) Til þess að bæta leiðsögn sem eftirlitsyfirvöldum í einstökum ríkjum er veitt að því er varðar efnisatriði fyrirhugaðra ráðstafana og auka réttarvissu um að tilkynning um slíka ráðstöfun taki til allra atriða sem máli skipta þarf að koma á framfæri tilteknum lágmarksupplýsingum um atriði sem fyrirhuguð ráðstöfun þarf að hafa að geyma til að unnt sé að leggja mat á hana með fullnægjandi hætti.
 - 8) Líta verður til þess að nauðsynlegt er annars vegar að fá fram áreiðanlegt mat, og hins vegar að einfalda stjórnsýsluferillinn sem mest. Í þessu tilliti má nefna að reglur um afgreiðsluferil tilkynninga mega ekki auka að óþörfu stjórnsýsluálag hjá eftirlitsyfirvöldum í hverju ríki. Jafnframt væri til bóta að skýra hvernig hagað er málsmeðferð að því er varðar aðra undirgrein 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 2002/19/EB (tilskipunarinnar um aðgang).
 - 9) Til þess að gera athugun á fyrirhugaðri ráðstöfun einfaldari og flýta afgreiðslu ber eftirlitsyfirvöldum að notast við stöðluð tilkynningareyðublöð.
 - 10) Samkvæmt samkomulagi EFTA-ríkjanna, þeirra sem eiga aðild að EES-samningnum, ber að notast við ensku sem vinnutungumál í öllum samskiptum EFTA-ríkjanna og Eftirlitsstofnunar EFTA. Þetta breytir þó engu um rétt einstaklinga og fyrirtækja til að leggja fram skjöl á hvaða tungumáli EES-ríkjanna sem vera skal, enda er kveðið á um þann rétt í EES-samningnum.
 - 11) Til þess að gera afgreiðsluferil tilkynninga skilvirkari og tryggja eftirlitsyfirvöldum í einstökum ríkjum og markaðsaðilum meiri réttarvissu, svo og til þess að koma í veg fyrir tafir á framkvæmd stjórnsýsluáráða, er æskilegt að tilkynning eftirlitsyfirvalda, sem lýtur að markaðsgreiningu, hafi einnig að geyma tillögur sömu yfirvalda um úrræði til að ráða bót á markaðsbrestum sem greiningin hefur leitt í ljós. Þegar fyrirhuguð ráðstöfun varðar markað þar sem virk samkeppni telst ríkja, og þegar hefur verið gripið til stjórnsýsluáráða á þeim markaði, þurfa einnig að koma fram í tilkynningunni tillögur um afnám slíkra kvaða.
 - 12) Að jafnaði er rétt að nota styttra tilkynningareyðublað fyrir tiltekna flokka fyrirhugaðra ráðstafana til þess að draga úr stjórnsýsluálagi hjá eftirlitsyfirvöldum í hverju ríki og Eftirlitsstofnun EFTA. Þó verður áfram unnt að nota stöðluðu tilkynningaráðferðina til að tilkynna ráðstafanir í þeim flokkum.
 - 13) Ef eftirlitsyfirvöld í tilteknu ríki hyggjast afnema kvaðir sem þau hafa lagt á í tengslum við markaði sem falla ekki undir tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA frá 5. nóvember 2008 um viðkomandi vöru- og þjónustumarkaði á sviði rafrænna fjarskipta sem ástæða kann að vera til að fella undir fyrirframkvaðir⁽⁶⁾ ber að nota styttra tilkynningareyðublaðið þegar fyrirhuguð ráðstöfun af því tagi er tilkynnt samkvæmt 7. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunarinnar).

⁽⁵⁾ Tilmælin samþykkt með ákvörðun 193/04/COL, Stjtid. ESB L 113, 27.4.2006, bls. 10, EES-viðbætur nr. 21, 27.4.2006, bls. 39.

⁽⁶⁾ Tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA frá 5. nóvember 2008 um viðkomandi vöru- og þjónustumarkaði á sviði fjarskipta sem ástæða kann að vera til að fella undir fyrirframkvaðir í samræmi við ákvæði gerðarinnar sem um getur í lið 5cl í XI. viðauka við EES-samninginn (tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu), sbr. aðlögunarákvæði í bókun 1 við samninginn. Tilmælin eru nefnd „tilmæli um viðkomandi markaði“ í því sem hér fer á eftir. Tilmælin voru samþykkt með ákvörðun 688/08/COL frá 5. nóvember 2008 um samþykkt tilmæla um viðkomandi markaði á sviði fjarskipta sem ástæða kann að vera til að fella undir fyrirframkvaðir sem birtist í Stjtid. ESB C 156, 9.7.2009, bls. 18, og EES-viðbæti nr. 36, 9.7.2009, bls. 1.

- 14) Ef eftirlitsyfyrvöld í tilteknu ríki taka til rannsóknar markað þar sem virk samkeppni hefur þótt ríkja samkvæmt niðurstöðum eldri rannsóknar, og komast enn á ný að þeirri niðurstöðu að virk samkeppni sé á markaðnum, skal nota styttra tilkynningareyðublaðið.
- 15) Eftirlitsyfyrvöld breyta iðulega tæknilegum atriðum gildandi stjórnsýsluúrræða til að bregðast við breytingum á hagrænum þáttum (til að mynda framleiðslutækjum, vinnumarkaðnum, verðbólgu, fjármagnskostnaði, húsnæðisleigu o.s.frv.) eða í tengslum við uppfærslu á hagspám eða forsendum þeirra. Breytingar og uppfærslur, sem varða ekki eðli eða almennt gildissvið úrræðanna (heldur snúa t.d. að auknu umfangi tilkynningarskyldu, útfærslu á kröfum um váttryggingar, sektarfjárhæðum eða skilafrestum), skulu tilkynntar á styttra tilkynningareyðublaðinu. Aðeins skal nota stöðluðu tilkynningaraðferðina til að tilkynna efnislegar breytingar er lúta að eðlisatriðum eða gildissviði úrræðanna og hafa umtalsverð áhrif á markaði (svo sem verðákvæði, breytingar á aðferðum sem notaðar eru við útreikning á kostnaðarliðum eða verði, eða ákvörðun aðlögunaraðgerða).
- 16) Að því er varðar tiltekna markaði (einkum markaði fyrir lúkningu símtala) getur hugsast að eftirlitsyfyrvöld komist að sömu niðurstöðu og eftir fyrri athugun og vilji þá beita úrræðum, sem eru efnislega sams konar og fyrirhugaðar ráðstafanir sem þegar hafa verið tilkynntar, gagnvart öðrum markaðsaðilum (t.d. nýjum fyrirtækjum á markaðnum) sem þjóna svipuðum hópi viðskiptamanna eða hafa svipaða veltu og markaðsaðilarnir sem fyrri athugunin náði til. Fyrirhugaðar ráðstafanir af þessu tagi skal tilkynna á styttra tilkynningareyðublaðinu.
- 17) Þegar fyrirhuguð ráðstöfun er tilkynnt á styttra tilkynningareyðublaðinu gefur það Eftirlitsstofnun EFTA að jafnaði ekki tilefni til að beina athugasemdum til eftirlitsyfirvalda í viðkomandi ríki í samræmi við 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunarinnar).
- 18) Til þess að stuðla að auknu gagnsæi í tengslum við afgreiðslu tilkynninga um fyrirhugaðar ráðstafanir og greiða fyrir miðlun upplýsinga um slíkar ráðstafanir milli eftirlitsyfirvalda í einstökum ríkjum skal koma fram, bæði á staðaleyðublaðinu og styttra tilkynningareyðublaðinu, yfirlit um helstu þætti hinnar fyrirhuguðu ráðstöfunar.
- 19) Evrópuhópur eftirlitsyfirvalda með rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu, sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/627/EB ⁽⁷⁾, hefur fallist á að tilhögun af þessu tagi sé nauðsynleg.
- 20) Til þess að fullnægja megi markmiðunum sem mælt er fyrir um í 8. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunarinnar), einkum því markmiði að tryggja að samræmi sé í stjórnvaldsframkvæmd og að tilskipuninni sé hvarvetna beitt á sama hátt, skiptir höfuðmáli að ákvæðum 7. gr. tilskipunarinnar um tilkynningar sé fylgt í einu og öllu.
- 21) Til þess að ákvæðum reglurammans verði beitt á sama hátt á öllu Evrópska efnahagssvæðinu og samvinna eftirlitsyfirvalda í einstökum ríkjum skili tilætluðum árangri er mikilvægt að tryggja greið upplýsingaskipti milli EFTA- og EB-stoða EES-samstarfsins. Í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2004 er að finna sérstakt ákvæði þessa efnis; ákvæðið er til aðlögunar á 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunarinnar): „Upplýsingaskipti milli innlendra stjórnvalda í einstökum EFTA-ríkjum annars vegar og innlendra stjórnvalda í einstökum aðildarríkjum EB hins vegar skulu vera með milligöngu Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnarinnar.“
- 22) Fjarskiptanefnd EFTA hefur skilað álit í samræmi við 2. mgr. 22. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunarinnar),

TILMÆLIN ERU SVOHLJÓÐANDI:

1. Hugtök, sem skilgreind eru í tilskipun 2002/21/EB (rammatilskipuninni) og sértilskipununum, skulu í þessum tilmælum hafa sömu merkingu og þar er kveðið á um. Við bætast eftirtalin hugtök:
 - a) „tilmæli um viðkomandi markaði“: tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA frá 5. nóvember 2008 um viðkomandi vöru- og þjónustumarkaði á sviði fjarskipta sem ástæða kann að vera til að fella undir fyrirframkvæðir ⁽⁸⁾ svo og hvers konar tilmæli um viðkomandi markaði sem gefin hafa verið út síðar;

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 200, 30.7.2002, bls. 38, með áorðnum breytingum.

⁽⁸⁾ Sjá 5. nmgr. hér á undan.

b) „tilkynning“: tilkynning sem eftirlitsyfirvöld í tilteknu ríki senda Eftirlitsstofnun EFTA um fyrirhugaða ráðstöfun samkvæmt 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunarinnar) eða beiðni sem er lögð fram samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 2002/19/EB (tilskipunarinnar um aðgang), að meðtöldu staðaleyðublaði fyrir tilkynningar eða styttra tilkynningareyðublaði samkvæmt ákvæðum þessara tilmæla (sjá I. og II. viðauka).

2. Þegar tilkynningar eru sendar skal ávallt nota rafrænt tilkynningakerfi stofnunarinnar.

Skjöl, sem send eru um rafræna tilkynningakerfið, skulu teljast hafa borist viðtakanda sama dag og þau eru send.

Tilkynningar verða skráðar í sömu röð og þær berast.

3. Tilkynningar öðlast gildi sama dag og þær eru skráðar hjá Eftirlitsstofnun EFTA (á skráningardegi). Skráningardagur telst dagurinn sem stofnuninni hefur borist fullnægjandi tilkynning.

Stofnunin mun birta upplýsingar um skráningardag, efni tilkynningar og hvers kyns fylgiskjöl á vefsetri sínu, svo og með rafpósti sem sendur verður eftirlitsyfirvöldum í öllum viðkomandi ríkjum.

4. Fyrirhugaðar ráðstafanir hlutaðeigandi ríkis og rökstuðningur fyrir þeim, svo og allar upplýsingar á staðaleyðublaði fyrir tilkynningar (sjá I. viðauka) og styttra tilkynningareyðublaðinu (sjá II. viðauka), skulu vera á ensku.

5. Þegar eftirlitsyfirvöld í tilteknu ríki tilkynna fyrirhugaðar ráðstafanir skulu fylgja tilkynningunni öll gögn sem Eftirlitsstofnun EFTA þarf á að halda vegna verka sinna. Þegar um ræðir fyrirhugaðar ráðstafanir sem falla undir 6. lið hér á eftir og eru tilkynntar á styttra tilkynningareyðublaðinu þarf stofnunin að jafnaði ekki á neinum viðbótargögnum að halda til að sinna þeim verkum.

Rökstyðja skal vel fyrirhugaðar ráðstafanir.

6. Ef fyrirhugaðar ráðstafanir eru af því tagi, sem að neðan greinir, skulu þær tilkynntar Eftirlitsstofnun EFTA á styttra tilkynningareyðublaðinu sem sýnt er í II. viðauka:

- a) Fyrirhugaðar ráðstafanir á mörkuðum sem hafa verið teknir af skrá í tilmælum um viðkomandi markaði, eða aldrei hefur verið getið þar, annaðhvort vegna þess að eftirlitsyfirvöld í viðkomandi ríki telja að samkeppni ríki á markaðnum eða vegna þess að þau telja að ekki sé lengur fullnægt skilyrðunum þremur sem öllum þarf að vera fullnægt samkvæmt 12. mgr. tilmæla um viðkomandi markaði til þess að ástæða sé talin til að fella viðkomandi markað undir fyrirframkvæðir,
- b) fyrirhugaðar ráðstafanir á mörkuðum sem samkeppni hefur talist ríkja á samkvæmt eldri markaðsathugun, enda þótt þeirra sé getið í gildandi tilmælum um viðkomandi markaði, og eru enn samkeppnismarkaðir,
- c) fyrirhugaðar ráðstafanir sem fela í sér breytingar á tæknilegum atriðum eldri stjórnsýsluúrræða og hafa óveruleg áhrif á markaðnum (t.d. árleg uppfærsla kostnaðartalna og áætlaðra niðurstaðna bókhaldslikana, skýrsludagar, skiladagar) og
- d) fyrirhugaðar ráðstafanir á markaði sem þegar hefur verið greindur, og tilkynntur hefur verið með tilliti til annarra fyrirtækja, þegar eftirlitsyfirvöld í ríkinu beita svipuðum úrræðum gagnvart eldri fyrirtækjum án þess að efnislegar breytingar verði á meginatriðunum sem lágu til grundvallar eldri tilkynningunni.

7. Eftirlitsstofnun EFTA mun í nánú samstarfi við eftirlitsyfirvöld í einstökum ríkjum fylgjast með því hvaða afleiðingar styttri tilkynningaraðferðin hefur í framkvæmd með það fyrir augum að gera frekari breytingar ef nauðsynlegt þykir, eða bæta fleiri flokkum við þær tegundir fyrirhugaðra ráðstafana sem rétt þykir að láta tilkynna á styttra tilkynningareyðublaðinu.

8. Fyrirhugaðar ráðstafanir, sem falla ekki undir 6. lið hér á undan, skulu tilkynntar Eftirlitsstofnun EFTA á staðaleyðublaði fyrir tilkynningar sem sýnt er í I. viðauka. Eftirtalin atriði skulu koma fram í tilkynningum um fyrirhugaðar ráðstafanir eftir því sem við á:

- a) Viðkomandi vöru- eða þjónustumarkaður, og þá einkum lýsing á þeirri vöru eða þjónustu sem teljast á til viðkomandi markaðar eða utan hans með vísan til eftirspurnar- og framboðsstaðkvæmdar,
- b) viðkomandi markaðssvæði, meðal annars rökstudd greining á samkeppnisaðstæðum með vísan til eftirspurnar- og framboðsstaðkvæmdar,
- c) helstu fyrirtæki sem eru starfandi á markaðnum,
- d) niðurstöður greiningar á viðkomandi markaði, einkum með tilliti til þess hvort á honum er virk samkeppni eða ekki, auk röksemda fyrir því. Í þessu sambandi þarf að fylgja tilkynningu um fyrirhugaða ráðstöfun greining á markaðshlutdeild hvers fyrirtækis og vísun til annarra viðmiða sem máli kunna að skipta, en þar getur verið um að ræða atriði á borð við aðgangshindranir, stærðarhagkvæmni og samlegðaráhrif, lóðréttu samþættingu, yferráð á grunnvirkjum sem ekki er auðvelt að koma upp annars staðar, tækniforskot, skort á mótvægiskaupmætti, auðveldan eða ívilnandi aðgang að fjármagnsmarkaði/fjármunum, heildarstærð fyrirtækisins, fjölbreytni vöru-/þjónustuframboðs, vel uppbyggt dreifikerfi fyrir vöru og þjónustu, skort á hugsanlegum keppinautum og vaxtarhamlandi þætti,
- e) fyrirtæki, ef einhver eru, sem teljast hafa umtalsverðan markaðsstyrk, hvert í sínu lagi eða í sameiningu, í skilningi 14. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunarinnar) ásamt rökstuðningi, gögnum og/eða öðrum efnislegum atriðum sem styrkja þá niðurstöðu,
- f) niðurstöður opin samráðs sem farið hefur fram á vegum eftirlitsyfirvalda í landinu,
- g) álit samkeppnisyfirvalda í landinu, ef slíkt liggur fyrir,
- h) gögn sem sýna að þegar hin fyrirhugaða ráðstöfun er tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA hafi hún verið kynnt með viðeigandi hætti eftirlitsyfirvöldum í öllum hinum EFTA-rikkjunum, nema að því leyti sem slík kynning fer fram í gegnum rafrænt kerfi stofnunarinnar,
- i) þegar tilkynntar eru fyrirhugaðar ráðstafanir sem falla undir 5. eða 8. gr. tilskipunar 2002/19/EB (tilskipunarinnar um aðgang) eða 16. gr. greinarinnar sem um getur í lið 5cm í XI. viðauka við EES-samninginn,

tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/22/EB um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu ⁽⁹⁾ (tilskipunarinnar um alþjónustu),

sbr. aðlögunarákvæði í bókun 1 við samninginn, skal tilgreina sértækar kvaðir sem fyrirhugað er að leggja á til að mæta skorti á virkri samkeppni á markaðnum sem um ræðir eða – teljist virk samkeppni vera á viðkomandi markaði og slíkar kvaðir hafa þegar verið lagðar á þar – ráðstafanir sem fyrirhugað er að gera til að afnema kvaðirnar.

9. Þegar viðkomandi markaður, sem á að markaðsgreina, er skilgreindur á annan hátt í fyrirhugaðri ráðstöfun en í tilmælunum um viðkomandi markaði ber eftirlitsyfirvöldum í viðkomandi ríkjum að rökstyðja á fullnægjandi hátt viðmiðin sem ráða þeirri skilgreiningu.
10. Tilkynningum samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 2002/19/EB (tilskipunarinnar um aðgang) skulu einnig fylgja viðhlítandi röksemdir fyrir því að leggja á rekendur með umtalsverðan markaðsstyrk aðrar kvaðir en þær sem um getur í 9.–13. gr. tilskipunarinnar.
11. Tilkynningum samkvæmt 5. mgr. 8. gr. tilskipunar 2002/19/EB (tilskipunarinnar um aðgang) skulu einnig fylgja viðhlítandi röksemdir fyrir því að hinar fyrirhuguðu ráðstafanir séu nauðsynlegar til þess að fullnægja alþjóðaskuldbindingum.
12. Ef notast er við staðlaða tilkynningaraðferð telst tilkynning fullnægjandi ef hún hefur að geyma allar viðeigandi upplýsingar samkvæmt 8. lið hér á undan. Ef eitthvað vantar efnislega á upplýsingar í tilkynningunni, til að mynda fylgiskjöl, mun Eftirlitsstofnun EFTA skýra hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöldum frá því innan fimm virkra daga að hvaða leyti tilkynningin teljist ófullnægjandi. Tilkynningin verður ekki skráð fyrr en eftirlitsyfirvöldin hafa lagt fram tilskildar upplýsingar. Í slíkum tilvikum verður tilkynningin virk með tilliti til 7. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunarinnar) daginn sem allar tilskildar upplýsingar hafa borist Eftirlitsstofnun EFTA.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 108, 24.4.2002, bls. 51.

13. Með fyrirvara um ákvæði 8. mgr. hér á undan áskilur Eftirlitsstofnun EFTA sér rétt til þess, í samræmi við 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunarinnar), að leita eftir frekari upplýsingum og skýringum frá hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöldum eftir að tilkynning hefur verið skráð. Eftirlitsyfirvöld skulu leitast við að leggja umbeðnar upplýsingar fram innan þriggja virkra daga ef þær liggja fyrir.
14. Eftirlitsstofnun EFTA mun ganga úr skugga um hvort fyrirhuguð ráðstöfun, sem tilkynnt er á styttra tilkynningareyðublaðinu, fellur í einhvern þeirra flokka sem taldir eru upp í 6. mgr. hér á undan. Ef stofnunin telur svo ekki vera greinir hún hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöldum frá því innan fimm virkra daga og fer þess á leit við þau að fyrirhuguð ráðstöfun verði tilkynnt samkvæmt staðlaðri tilkynningaraðferð.
15. Telji stofnunin ástæðu til að bera upp athugasemdir í samræmi við 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunarinnar) gerir hún hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöldum viðvart með rafrænum hætti og birtir athugasemdirnar á vefsetri sínu.
16. Telji eftirlitsyfirvöld í tilteknu ríki ástæðu til að bera upp athugasemdir í samræmi við 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunarinnar) skulu þau láta Eftirlitsstofnun EFTA og eftirlitsyfirvöldum í öðrum ríkjum slíkar athugasemdir í té með rafrænum hætti.
17. Telji Eftirlitsstofnun EFTA með hliðsjón af 4. mgr. 7. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunarinnar) að fyrirhuguð ráðstöfun myndi hamla framkvæmd EES-samningsins eða verulegur vafi leiki á að hún samrýmist EES-löggjöf, einkum markmiðunum sem um getur í 8. gr. rammatilskipunarinnar, eða dragi stofnunin athugasemdir sínar síðar til baka eða geri eftirlitsyfirvöldum í tilteknu ríki skylt að afturkalla fyrirhugaða ráðstöfun, gerir hún hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöldum viðvart með rafrænum hætti og birtir auglýsingu þessa efnis á vefsetri sínu.
18. Að því er varðar tilkynningar samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 2002/19/EB (tilskipunarinnar um aðgang) mun Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við ákvæði 2. mgr. 14. gr. tilskipunarinnar um aðgang að jafnaði taka ákvörðun, sem veitir hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöldum heimild til eða synjar þeim um að grípa til fyrirhugaðra ráðstafana, áður en þrjú mánuðir eru liðnir. Stofnuninni er heimilt að lengja þennan frest um tvo mánuði ef málið reynist erfitt úrlausnar.
19. Eftirlitsyfirvöld í tilteknu ríki geta hvenær sem er ákveðið að afturkalla tilkynningu um fyrirhugaða ráðstöfun og er tilkynningunni þá eytt úr málaskrá. Eftirlitsstofnun EFTA birtir þá auglýsingu þess efnis á vefsetri sínu.
20. Ef eftirlitsyfirvöld í tilteknu ríki lögtaka fyrirhugaða ráðstöfun sem Eftirlitsstofnun EFTA eða eftirlitsyfirvöld í öðru ríki hafa borið upp athugasemdir við í samræmi við 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunarinnar) skulu þau gera stofnuninni og eftirlitsyfirvöldum í öðrum ríkjum grein fyrir því hvað gert hefur verið til að taka sem mest tillit til athugasemdanna.
21. Eftirlitsstofnun EFTA skal fjalla óformlega um fyrirhugaða ráðstöfun áður en hún er tilkynnt ef hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld fara þess á leit.
22. Eftirtaldar reglur gilda um útreikning tímabila sem um getur í tilskipun 2002/21/EB (rammatilskipuninni) eða þessum tilmælum:
 - a) Ef tímabil er talið í dögum, vikum eða mánuðum frá tilteknum atburði telst dagurinn, sem atburðurinn verður, ekki til þess tímabils.
 - b) Ef tímabil er talið í vikum eða mánuðum lýkur því með þeim degi í síðustu viku eða síðasta mánuði tímabilsins sem er sami vikudagur eða fellur á sama mánaðardegi og sá atburður gerðist sem talið er frá. Ef viðkomandi mánaðardag vantar í síðasta mánuð tímabils sem er talið í mánuðum skal tímabilinu ljúka síðasta dag þess mánaðar.
 - c) Almennir frídagar, laugardagar og sunnudagar teljast til tímabila nema því aðeins að annars sé sérstaklega getið eða tímabilin séu reiknuð í virkum dögum. Almennir frídagar eru allir dagar sem skilgreindir eru sem slíkir af hálfu EFTA-ríkisins sem á í hlut eða Eftirlitsstofnunar EFTA.
 - d) Til virkra daga teljast allir dagar nema almennir frídagar, laugardagar og sunnudagar.

Ef tímabil endar á laugardegi, sunnudegi eða almennum frídegi skal það framlengt til loka fyrsta virka dags á eftir.

Eftirlitsstofnun EFTA birtir einu sinni á ári skrá um almenna frídaga sem EFTA-ríkin og stofnunin skilgreina sem slíka í *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi ESB*. EFTA-ríkin skulu senda stofnuninni skrá um almenna frídaga þegar eftir því er leitað.

23. Eftirlitsstofnun EFTA mun ásamt eftirlitsyfirvöldum í einstökum ríkjum meta hvort nauðsynlegt er að endurskoða ákvæði tilmæla þessara, eftir því sem við á, eftir daginn sem ákveðið er við endurskoðun reglurammans, í þeirri mynd sem þær hafa verið felldar inn í EES-rétt, að EFTA-ríkin verði að hafa fellt þær inn í landsrétt.
24. Tilmælum þessum er beint til EFTA-ríkjanna.

Gjört í Brussel 2. desember 2009.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Per Sanderud

Forseti

Kurt Jaeger

Stjórnarmaður

*I. VIÐAUKI***Staðaleyðublað fyrir tilkynningar um fyrirhugaðar ráðstafanir samkvæmt 7. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunarinnar)**

(Staðaleyðublað fyrir tilkynningar)

Inngangur

Á staðaleyðublaði fyrir tilkynningar eru reitir fyrir þær yfirlitsupplýsingar sem eftirlitsyfirvöldum í einstökum ríkjum ber að senda Eftirlitsstofnun EFTA þegar fyrirhugaðar ráðstafanir eru tilkynntar samkvæmt staðlaðri tilkynningaraðferð í samræmi við 7. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunarinnar).

Stofnunin hefur í hyggju að ræða ýmis atriði sem lúta að framkvæmd 7. gr. við eftirlitsyfirvöld í einstökum ríkjum, einkum á fundum sem haldnir eru í aðdraganda tilkynningar. Eftirlitsyfirvöld eru því hvött til að leita til Eftirlitsstofnunar EFTA um hvers kyns atriði sem varða staðaleyðublaðið, og þá einkum hvers konar upplýsinga er óskað, eða á hinn bóginn hugsanlega undanþágu frá þeirri skyldu að veita tilteknar upplýsingar í tengslum við markaðsgreininguna sem fram fer í samræmi við 15. og 16. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunarinnar).

Réttar og fullnægjandi upplýsingar

Allar upplýsingar, sem eftirlitsyfirvöld í einstökum ríkjum leggja fram, skulu vera réttar og fullnægjandi og settar fram í stuttu máli á eftirfarandi staðaleyðublaði. Staðaleyðublaði fyrir tilkynningar er ekki ætlað að koma í stað tilkynningar um hina fyrirhuguðu ráðstöfun, heldur að gera Eftirlitsstofnun EFTA og eftirlitsyfirvöldum í öðrum ríkjum sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu kleift að sannreyna, með vísan til upplýsinga á staðaleyðublaðinu, að tilkynningin hafi að geyma allar upplýsingar sem Eftirlitsstofnun EFTA þarf á að halda til að leysa af hendi verkefni sín samkvæmt 7. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunarinnar) fyrir þann frest sem þar er kveðið á um.

Allar tilskildar upplýsingar skulu settar fram í tölusettum liðum og málsgreinum staðaleyðublaðsins, með millitilvísunum til samsvarandi kafla í texta hinnar fyrirhuguðu ráðstöfunar.

Tungumál

Upplýsingar skulu skráðar á staðaleyðublaðið á ensku.

1. liður*Markaðsskilgreining*

Eftirtalið skal tilgreint eftir því sem við á:

- 1.1. Viðkomandi vöru- eða þjónustumarkaður. Er markaðurinn nefndur í tilmælunum um viðkomandi markaði?
- 1.2. Landsvæðið sem markaðurinn tekur yfir.
- 1.3. Ágrip af álitni samkeppnisyrvalda í landinu, ef það liggur fyrir.
- 1.4. Stutt yfirlit um niðurstöður opins samráðs sem farið hefur fram um hina fyrirhuguðu markaðsskilgreiningu (til dæmis hversu margar athugasemdir bárust, hvaða svarendur voru sammála markaðsskilgreiningunni, hvaða svarendur voru henni ósammála).
- 1.5. Ef viðkomandi markaður er frábrugðinn þeim mörkuðum sem getið er í tilmælunum um viðkomandi markaði skal nefna helstu ástæður sem réttlæta markaðsskilgreininguna með vísan til 2. undirkafla leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA frá 14. júlí 2004 um markaðsgreiningu og mat á umtalsverðum markaðsstyrk samkvæmt rammaákvæðum um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu⁽¹⁾ og þeirra þriggja megin skilyrða sem fjallað er um í 6.–14. lið inngangsorða tilmælanna um viðkomandi markaði og undirkafla 2.2 í greinargerð sem fylgdi samsvarandi tilmælum framkvæmdastjórnar EB um viðkomandi markaði⁽²⁾.

⁽¹⁾ Leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA frá 14. júlí 2004 um markaðsgreiningu og mat á umtalsverðum markaðsstyrk samkvæmt rammaákvæðum um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu sem um getur í XI. viðauka samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Reglurnar samþykktar með ákvörðun 194/04/COL, Stjtið. ESB L 113, 27.4.2006, bls. 18, og EES-viðbætur nr. 21, 27.4.2006, bls. 33.

⁽²⁾ Greinargerð með tilmælum framkvæmdastjórnarinnar um viðkomandi vöru- og þjónustumarkaði á sviði fjarskipta sem ástæða kann að vera til að fella undir fyrirframkvæðir í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB um sameiginlegan reglu- ramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu, SEC(2007) 1483 lokaútg.

2. liður

Fyrirtæki sem teljast njóta umtalsverðs markaðsstyrks

Eftirtalið skal tilgreint eftir því sem við á:

